

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavík, 23. september 2025
MÍ202507-0082/ 6.07 / Þ.H.

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík

(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Efni: Ísallínur 3&4 (nr. 0983/2025). Kynning umhverfis-
matsskýrslu.**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskýrslu vegna breytingar á Ísallínunum, sem liggja milli tengivirkis við Hamranes í Hafnarfirði og tengivirkis við álverið í Straumsvík. Lagt er mat á byggingu nýrra Ísallína 3&4 sem ætlað er að koma í stað Ísallína 1&2. Greinargerð er unnin af COWI fyrir hönd Landsnets: *Ísallínur 3&4. Umhverfis-
matsskýrsla* (dagsett 9. júlí 2025).

Bjarni F. Einarsson skráði fornleifar á svæðinu haustið 2020, *Fornleifa-
skráning við hina fyrirhuguðu Lyklafellslínu 1 í Gullbringusýslu. Tveir
valkostir* (Fornleifafræðistofan 2020). Auk þess liggja fyrir aðrar
skráningar á svæðinu sem gerðar hafa verið á ólíkum tímum af
mismunandi tilefni. Fyrirliggjandi skráning á áhrifasvæði framkvæmdanna
er fullnægjandi fyrir gerð þessa umhverfismats, sbr. 16. gr. laga um
menningarminjar nr. 80/2012.

Í matsskýrslunni er fjallað um fornleifar í kafla 11, bls. 74-80. Á áhrifasvæði
framkvæmdanna eru alls 6 minjar skráðar, sbr. tafla 11.3, bls. 76. Er þar um
að ræða gamla götu (Hrauntungustíg), fjórar vörður og eitt fjárskýli
(Leynidalaskjól). Fram kemur að stefna Landsnets sé að hliðra
mannvirkjum eins og kostur er til að komast hjá beinu raski á fornleifum.
Framkvæmdir fara nokkuð nærri vörðu (nr. 297:1), eða 15m en að öðru leyti
er farið fjær og í engu tilviki inn fyrir friðhelgunarsvæði minjanna, um
100m frá Hraunstíg og 70m frá fjárskýlinu (sbr. töflu 11.3). Gert er ráð fyrir
að merkja minjar á framkvæmdatíma til að lágmarka hættu á raski.
Matsskýrslan er greinargóð og telur Minjastofnun þær mótvægisaðgerðir
sem þar eru lagðar til vera fullnægjandi.

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við matsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Þór Hjaltalín

Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 5. september 2025
202507-0075/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Ísallínur 3&4 - Skipulagsstofnun

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna umhverfismatsskýrslu fyrir Ísallínur 3 og 4, fyrirhugaðar 220 kV loftlínur á milli tengivirkis Landsnets í Hamranesi í Hafnarfirði og álversins í Straumsvík.

Framkvæmdarlýsing

Í framkvæmdinni felst lagning tveggja samsíða 220 kV raflína, Ísallína 3 og 4, sem eiga að koma í stað núverandi Ísallína 1 og 2. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin fari að hluta um þéttbýli í Hafnarfirði og að henni ljúki árið 2027. Fyrir liggja fjórir valkostir um framkvæmdina, en í umhverfismatinu er lagt mat á valkost D sem aðalvalkost. Sá valkostur felur í sér einpóla möstur frá álveri ISAL að Hraunhelli og stálröramöstur frá Hraunhelli að Hamranesi. Umhverfismatsskýrslan greinir áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir og flóru, fuglalíf, jarðmyndanir, fornleifar, landslag og ásynd, heilsu og öryggi og loftslag.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt hraun á framkvæmdasvæðinu kunni að hafa tapað hluta upprunalegra einkenna vegna fyrra rasks, er ekki sjálfgefið að verndargildi þeirra sé óverulegt. Einstakar jarðmyndanir, geta haft sjálfstætt verndargildi — sérstaklega ef þær eru heillegar og sýnilegar. Þá er rétt að undirstrika að samkvæmt 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga ber að rökstyðja hvers vegna framkvæmd skuli heimiluð á verndarsvæði og meta hvort valkostir séu fyrir hendi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin leggur áherslu á að framkvæmdaraðili tryggi nákvæma skráningu þeirra hraunmynda sem raskast, og sýni sérstaklega fram á að staðsetning masturstæða forðist heillegar eða sérkennilegar myndanir þar sem unnt er. Þá skal bent á að eldri hraun sem að

hluta til hafa verið hulin jarðvegi eða gróðri, en þar sem yfirborðsmyndun hrauns er enn greinileg, kunna að njóta verndar ef þær teljast jarðminjar samkvæmt lögnum.

Varðandi mótvægisáðgerðir þá eru þær frekar almennt orðaðar þar sem segir að Landsnet leggi áherslu á að halda raski í lágmarki, en ekki er tilgreint með skýrum hætti hvernig það verði gert í tengslum við jarðmyndanir. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að mótvægisáðgerðir verði útfærðar nánar, t.d. með því að staðsetja ekki masturstæði á áberandi hraunmyndunum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur, sem friðunin nær til, friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins.

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu megi finna æðplöntuna blátoppu. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021² um friðun æðplantna, mosa og fléttna er blátoppa (*sesleria albicans*) friðuð og nýtur verndar í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplantna, þ.m.t. blátoppu, eru hversu

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

Stofnunin telur brýnt að fram fari ítarleg skráning og vöktun á friðaðri flóru innan framkvæmdasvæðisins áður en hafist er handa við framkvæmdir.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Umsögn þessi uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að óska umsagnar stofnunarinnar á síðari stigum áður en veitt er leyfi vegna umræddra framkvæmda.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé fremur fábreytt og að tegundir sem þar finnast séu flestar algengar á landsvísu.

Gerð var úttekt á fuglalífi af Náttúrufræðistofnun sem byggði á vettvangsgögnum og fyrri rannsóknum. Á svæðinu finnast þó ábyrgðartegundir Íslands, s.s. spói og hrossagaukur, og ber Ísland alþjóðlega verndarskyldu gagnvart þeim.

Náttúruverndarstofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila um að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf séu óveruleg.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð kemur fram að landslag á framkvæmdasvæðinu sé að mestu fyrir áhrifum fyrri mannvirkja og raski, einkum nærri iðnaðarsvæði Hafnarfjarðar og Straumsvíkur. Stór hluti svæðisins er ósnortið hraun. Línuleiðin liggur að hluta samhliða eldri mannvirkjum og um svæði þar sem rask er nú þegar til staðar.

Sjónræn áhrif eru talin mest nærri byggð, en áhrif á útsýni og landslagsheildir eru metin lítil. Mótvægisáðgerðir felast m.a. í vali á möstrum og jarðstreng á viðkvæmustu köflunum.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að áhrif á landslag og ásjúnd séu óveruleg til nokkuð neikvæð.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

teymisstjóri

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Skipulagsstofnun
Kynning umhverfismatsskýrslu
Skipulagsgatt.is/issues/2025/983

Kópavogur, 5. september 2025
Tilvísun: K-21068

Efni: Ísallínur 3 & 4

Lýsing

Landsnet undirbýr breytingar á Ísallínum sem liggja á milli tengivirkis við Hamranes í Hafnarfirði og tengivirkis við álverið í Straumsvík (ISAL). Í umhverfismatinu er lagt mat á byggingu nýrra Ísallína 3 & 4 sem eiga að leysa núverandi línur af hólmi, Ísallínur 1 & 2. Til þess að Ísallínur 3 & 4 komist fyrir þarf að leggja Suðurnesjalínu 1 í jörðu á stuttum kafla frá tengivirkinu í Hamranesi. Sú framkvæmd er þó ekki hluti af þessu umhverfismati. Matsáætlun verkefnisins var þannig upphaflega fyrir Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3 ásamt niðurrifi Hamraneslína 1 & 2.

Meðan unnið var að rannsóknum vegna umhverfismatsins varð aukin eldvirkni á Reykjanesskaga. Greining jarðvísindamanna á náttúruvá m.t.t. mögulegra eldsumbrota gaf til kynna að kæmi til eldvirkni með hraunrennsli gæti hraun runnið yfir línuleiðir valkosta Lyklafellslínu 1 á skömmum tíma. Landsnet hefur því ákveðið að leggja til hliðar um sinn áform um uppbyggingu Lyklafellslínu 1. Þrátt fyrir það þarf samt sem áður að bregðast við þeim vanda sem er að skapast vegna íbúapróunar höfuðborgarsvæðisins til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og skipulag byggðar í Hafnarfirði. Landsnet, í samráði við Skipulagsstofnun, skipti eftirstandandi verkefnum því upp í tvö óháð verkefni: Breytingar á Hamraneslínunum 1 & 2 og bygging Ísallína 3 & 4. Í þessu umhverfismati er einungis fjallað um breytingar á Ísallínum.

Aðalvalkostur Landsnets

Við mat á umhverfisáhrifum verkefnisins voru bornir saman fjórir valkostir. Þar af þrír valkostir fyrir Ísallínu 3&4 sem fela í sér mismunandi útfærslur á möstrum línanna og einn valkostur þar sem lagður er fram jarðstrengur og loftlína á einpóla möstrum. Hluti allra valkosta er niðurrif Ísallínu 1&2.

Að teknu tilliti til helstu meginþátta hefur Landsnet tekið ákvörðun um að leggja valkost D fram sem aðalvalkost, þ.e. að Ísallínur 3 & 4 verði á einpóla möstrum frá Ísal að Hraunhelli og stálröramöstrum frá Hraunhelli að Hamranesi.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér Umhverfismatsskýrsluna og vekur athygli á að þó svo Landsnet hafi látið vinna áhættumat á framkvæmd við byggingu raflína vegna vatnsverndar, þá er nauðsynlegt þegar aðilar hyggjast fara í framkvæmdir, nýja starfsemi eða breytingar á starfsemi að vinna mat á áhrifum umsvifanna á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunnar um „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.“

Að mati heilbrigðiseftirlits er að öðru leit ítarlega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Lítil sem engin munur er á niðurstöðu umhverfismats milli valkosta.

Leyfismál og framkvæmd

Vakin er athygli á að við niðurrif á línu 1&2 þá þarf að sækja um skráningu til Heilbrigðiseftirlits, sbr. lið 30 í viðauka reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur. Í kafla 52 um efnistöku vegna framkvæmdanna kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að opna nýjar námur vegna framkvæmdanna. Enga að síður eru taldar upp þær námur sem koma til greina og má þar m.a. finna aflagðar námur. Vakin er athygli á að einungis er heimilt að sækja jarðefni úr námum sem hafa starfleyfi heilbrigðisnefndar sbr. reglugerð 550/2028.

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir nánari upplýsingum um þau gös sem þarf að vakta úr búnaði (spennum) og gerð sé grein fyrir förgun gas og olíu úr búnaði sem þarf að taka niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hörður Þorsteinsson'.

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um umhverfismat Ísallína 3 og 4

Mál: 983/2025

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar úr skipulagsgátt dags. 11. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um fram komna umhverfismatsskýrslu vegna áforma Landsnets hf. um Ísallínur 3 og 4 milli Hamraness og álversins í Straumsvík.

Vegagerðin starfar á grundvelli laga nr. 120/2012 sem framkvæmdastofnun samgöngumála. Lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Afmarkast því stjórnslulega aðkomu Vegagerðarinnar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Vegagerðarinnar, sér í lagi áhrif á stofnvegakerfið og öryggi umferðar.

Vegagerðin hefur kynnt sér umhverfismatsskýrslu ásamt viðaukum með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og vekur sérstaka athygli á eftirfarandi þáttum þar að lútandi:

Áhrif á stofnvegakerfið

Vegagerðin telur að fyrirliggjandi gögn geri ekki nægilega grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdanna á stofnvegakerfið, einkum Reykjanesbraut sem er ein helsta samgönguæð landsins. Ekki liggur fyrir hvar möstur verða staðsett né hversu nærri þau verða brautinni, hvernig fyrirhugaðar línur muni þvera veginn eða hvaða áhrif framkvæmdir gætu haft á umferð.

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf að sækja um leyfi fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis, þar með talið lögnum og skurðum. Á það við þótt framkvæmdir eða mannvirki séu í samræmi við samþykkt skipulag eða hafi verið kynnt í mati á umhverfisáhrifum. Veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Mikilvægt er að leggja mat á þessa þætti, þar á meðal hugsanlega áhættu vegna nálægðar háspennulína við veginn og þverunar hans, áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

Helgunarsvæði og staðsetning slóða

Umhverfismatsskýrslan kveður á um helgunarsvæði háspennulína, en ekki er greint hvernig það samræmist núverandi stofnvegum og umferð um þá. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um staðsetningu slóða að möstrum og tengingu þeirra við stofnvegakerfið, sér í lagi við Krýsuvíkurveg.

Vegagerðin bendir á að skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf að sækja um leyfi fyrir tengingum við þjóðvegi og breytingum á núverandi tengingum.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Flutningsleiðir, bílafjöldi og magn efnisflutninga

Ekki er fjallað sérstaklega um hvaða flutningsleiðir verða notaðar við lagningu slóða, uppsetningu mastra og strengja, né fjölda bíla og annarra tækja og hvert magn efnisflutninga verður á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að fyrir liggi upplýsingar um flutningsleiðir, áætlaðan fjölda bíla og annarra tækja og magn efnisflutninga bæði við nýframkvæmdir og niðurrif.

Öryggi á framkvæmdatíma

Ekki er fjallað um umferðaröryggi á framkvæmdatíma né rask sem uppsetning mastra, efnisflutninga og niðurrif geta kallað á tímabundnar lokanir eða aðra truflanir umferðar á stofnvegum. Nauðsynlegt er að móta aðgerðaráætlun í samstarfi við Vegagerðina til að tryggja öryggi vegfarenda.

Niðurstaða

Vegagerðin telur að umfjöllun um áhrif framkvæmdanna á stofnvegakerfið, umferðaröryggi og samgöngur sé ekki nægileg og kalli á frekari greiningu á framangreindum atriðum áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdaleyfi.

Síða 2/2

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Vegagerðin

18. ágúst 2025

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar um umhverfismatsskýrslu Ísallína 3 og 4 – DRÖG

Landsnet undirbýr breytingar á Ísallínunum sem liggja á milli tengivirkis við Hamranes í Hafnarfirði og tengivirkis við álverið í Straumsvík (ISAL). Í umhverfismatinu er lagt mat á byggingu nýrra Ísallína 3 og 4 sem eiga að leysa núverandi línur af hólmi, Ísallínur 1 og 2. Hluti af framkvæmdum er niðurrif Ísallína 1 og 2.

Megin markmið framkvæmdarinnar er að gera nýjar tengingar milli álversins ISAL og tengivirkis við Hamranes til samræmis við þróun íbúðarbyggðar á svæðinu.

Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu eru bornir saman fjórir valkostir. Lagðir eru fram þrír valkostir fyrir Ísallínur 3 og 4 sem fela í sér mismunandi útfærslur á möstrum línanna og einn valkostur þar sem lagður er fram einn jarðstrengur og loftlína á einpóla möstrum. Hluti allra valkosta er niðurrif Ísallína 1 og 2. Línuleið valkostanna er sú sama og valkostir eru eftirfarandi:

- Valkostur A: Stálröramöstur
- Valkostur B: Einpóla möstur
- Valkostur C: Jarðstrengur og einpóla möstur
- Valkostur D: Stálröramöstur frá Hamranesi að Hraunhelli og einpóla möstur frá Hraunhelli að álveri ISAL
-

Aðalvalkostur Landsnets

Að teknu tilliti til helstu meginpátta hefur Landsnet tekið ákvörðun um að leggja valkost D fram sem aðalvalkost, þ.e. að Ísallínur 3 og 4 verði á einpóla möstrum frá ISAL að Hraunhelli og stálröramöstrum frá Hraunhelli að Hamranesi.

Í umhverfismatsskýrslu Landsnets eru umhverfisáhrif valkosta metin sambærileg.

Umhverfisáhrif aðalvalkostar

Ísallína 3 og 4 munu að mestu liggja um raskað svæði, bæði innan þéttbýlis og rétt fyrir utan þéttbýli. Sýnileiki Ísallína 3 og 4 er töluverður í byggð í Hafnarfirði og raunar á flestum stöðum innan 2 km fjarlægðar frá þeim. Það eru sambærileg áhrif og af núverandi Ísallínum 1 og 2 en áhrifasvæðið breytist lítillega við niðurrif þeirra. Vægis Einkunn er nokkuð neikvæð.

Landnotkun fyrirhugaðra framkvæmda samræmist Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 m.s.br. Einu verndarákvæðin á framkvæmdasvæði valkosta snúa að nútímahrauni sem línurnar munu liggja um. Þau njóta verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjarðarbær telur að umfjöllun, framsetning umhverfismatsskýrslu og framlögð gögn séu fullnægjandi til þess að meta umhverfisáhrif framkvæmda. Hafnarfjarðarbær getur almennt tekið undir vægismat Landsnets á umhverfisáhrifum. Að mati Hafnarfjarðarbæjar eru veigamestu áhrif framkvæmda á ásýnd og það er mat Hafnarfjarðarbæjar að það sé ákveðin stigsmunur á ásýndarbreytingum valkosta. Þannig eru áhrif af valkosti C, jarðstrengur og einpóla möstur, minni en áhrif vegna aðalvalkosta Landsnets.

Engu að síður er ekki gerð athugasemd við aðalvalkost, enda fellur hann að framtíðarsýn Hafnarfjarðarbæjar um raforkukerfið og þeirri áfangaskiptingu sem stefnt er að til að þróa framtíðarfyrirkomulag flutningsmannvirkja raforku í Hafnarfirði. Sú sýn felur í sér að engar loftlínur verði frá framtíðartengivirki við Hraunhelli að Hamranesi, og að innan þéttbýlis íbúðarbyggðar verði allar háspennulínur í jörðu.

Leyfi og málsmeðferð

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að Landsnet haldi öllu raski í lágmarki við framkvæmdir sínar og fylgi eftir því verklagi og mótvægisáðgerðum sem kynntar eru í umhverfismatsskýrslu til að draga úr eða bæta fyrir áhrif.

Hafnarfjörður bendir á að niðurrif Ísallína 1 og 2 séu háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar.

Með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- Umfjöllun um áhrifamat framkvæmda á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
- Umfjöllun um brýna þörf framkvæmda, þar sem raska þurfi eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhelli 2

221 Hafnarfirði



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
301 Akranes

Garðabær, 5. september 2025
Málsnúmer: 202507-0026
MH/RTh/BK

Efni: Umhverfismatsskýrsla fyrir Ísallínur 3 og 4

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 11. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu Landsnets, sem unnin var af COWI, fyrir Ísallínur 3 og 4.

Í skýrslunni er lagt mat á umhverfisáhrif framkvæmda vegna byggingar nýrra Ísallína 3 og 4, sem eiga að leysa af hólmi Ísallínur 1 og 2. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að gera nýjar tengingar milli álversins ISAL og tengivirkis við Hamranes, til samræmis við þróun íbúðarbyggðar á svæðinu. Þess ber að geta að stofnunin vann úttekt á náttúrufari vegna umhverfismats fyrir Lyklafellslínu 1, sem nær yfir fyrirhugað línustæði Ísallína 3 og 4, og byggir umhverfismatið á niðurstöðum hennar (viðauki 1 með umhverfismatsskýrslu).

Í umhverfismatsskýrslunni eru bornir saman fjórir valkostir fyrir Ísallínur 3 og 4, þ.e. þrír valkostir með mismunandi útfærslum á möstrum, auk eins valkostar með jarðstreng og loftlínu á einpóla möstrum. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir niðurrifi Ísallína 1 og 2. Línuleið er sú sama og valkostirnir eru eftirfarandi:

Valkostur A: Stálröramöstur

Valkostur B: Einpóla möstur

Valkostur C: Jarðstrengur og einpóla möstur

Valkostur D: Stálröramöstur frá Hamranesi að Hraunhelli og einpóla möstur frá Hraunhelli að álveri ISAL.

Umhverfisáhrif valkosta eru metin sambærileg og leggur Landsnet valkost D fram sem aðalvalkost.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að umhverfismatsskýrslan sé í heild vönduð, greinargóð og vel skipulögð og að framlögð gögn séu fullnægjandi til að meta umhverfisáhrif framkvæmdanna. Framkvæmdum er lýst gaumgæfilega og jákvætt að fjallað sé um mótvægisáðgerðir í samhengi við einstaka umhverfisþætti. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir:

Jarðminjar

Leið Ísallína 3 og 4 liggur að mestu um nútímahraun, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraunið er þó mikið raskað á þessu svæði, áhrif mannvistar eru greinileg enda er þarna iðnaðarsvæði Hafnarfjarðarbæjar. Verndargildi hraunsins er metið lágt og umhverfisáhrif óveruleg fyrir alla valkosti. Náttúrufræðistofnun tekur undir þá niðurstöðu.

Vistgerðir og flóra

Þrátt fyrir að hraun sé talsvert mikið raskað á þessu svæði má enn finna á línuleiðinni lítið raskað hraun þar sem hraunlendisvistgerðir eða kjarrskógavist eru ríkjandi. Birkiskóglendi, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, er einnig á svæðinu. Mosahraunavist, sem er á talsvert stórum hluta svæðisins, hefur miðlungs verndargildi. Nokkur sinkmengun er á svæðinu sem á uppruna sinn frá iðnaðarsvæðinu á Hellnahrauni.



Í vettvangsathugun á svæðinu fundust tegundir með hátt verndargildi, m.a. blátoppa (friðlýst og á válista, VU), dílaburkni, fjöllaufungur og gullkollur. Ekki er líklegt að fundarstaðir blátoppu muni raskast en töluverðar líkur eru á að kjörbúsvæði dílaburkna og fjöllaufungs raskist. Auk þess hafa válistategundirnar ferlaufungur (NT) og friðlýsta mosategundin hærukluukka verið skráðar á svæðinu en ekki er ljóst hvort að þær tegundir verði fyrir beinu raski þar sem nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt.

Bein áhrif framkvæmda á vistgerðir og flóru vegna valkosta A–D eru vegna rasks við lagningu jarðstrengs, gerð mastursstæða og hliðarslóða að þeim. Flatarmál lands sem raskast vegna valkosta D er um 1,68 ha (16.800 m²). Einungis valkostur B raskar minna landi (1,44 ha) en valkostir A og C raska 2,57 og 3,8 ha lands. Mest rask vegna allra valkosta á vistgerðir mun eiga sér stað á mosahraunavist sem hefur miðlungs verndargildi og birkiskógum sem njóta verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Óbein áhrif framkvæmda á mosavaxin hraun og aðrar mosaríkar vistgerðir sem eru viðkvæmar fyrir raski felast einkum í áfoki frá slóðum á framkvæmdatíma. Sinkmengun frá möstrum getur einnig valdið staðbundnum skemmdum á mosa vegna veðrunar galvanhúðar þegar sink skolast út í gróðurinn.

Lagðar eru til mótvægisáðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum á vistgerðir og gróður, m.a. með því að tekið hefur verið mið af gróðurfari við verkhönnun. Áður en framkvæmdir hefjast mun sérfræðingur fara yfir rasksvæðið og kanna hvort friðlýstar tegundir séu til staðar; finnist þær verða þær fluttar til. Á framkvæmdatíma verður jafnframt leitast við að halda raski í lágmarki. Til að draga úr áhrifum sinkmengunar verður notast við hágæða sink við galvanhúðun mastra og tryggt að húðin hafi fullharðnað áður en þau verða reist.

Náttúrufræðistofnun telur þessar mótvægisáðgerðir vel viðeigandi, en bendir á að óvíst sé hversu vel muni takast að flytja friðlýstar plöntutegundir á nýjan stað. Ekki er sjálfgefið að slík aðgerð nái tilgangi sínum. Allar líkur eru þó á að flutningur blátoppu gæti tekist, enda hefur tegundin sýnt að hún þrífst við slíkar aðstæður annars staðar. Hins vegar er óvíst hvort það sama eigi við um aðrar tegundir. Minnt skal á að markmið friðunar er að tryggja að tegundir geti þrífst og fjölgað sér á náttúrulegan hátt, án íhlutunar og í friði fyrir neikvæðum áhrifum mannsins (Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021). Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif allra valkosta séu, með hliðsjón af grunnástandi vistgerða og flóru, einkennum áhrifa og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, metin nokkuð neikvæð. Náttúrufræðistofnun tekur undir þá niðurstöðu.

Fuglalíf

Á framkvæmdasvæðinu er fuglalíf fremur fábreytt og einkennist af tegundum sem eru algengar á landsvísi. Þéttleiki fugla er lítill. Í úttektum Náttúrufræðistofnunar á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu 2 og Lyklafellslínu 1 kom í ljós að fuglalíf á athugunarsvæðinu einkennist af mófuglategundum eins og heiðlóu, spóa, þúfutittlingi, skógarþresti, hrossagauki og rjúpu. Gert er ráð fyrir að þessar sömu tegundir megi helst finna í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði Ísallína 3 og 4.

Af ofangreindum tegundum er rjúpa á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT). Þá teljast heiðlóa og spói til ábyrgðartegunda en til þeirra teljast tegundir þar sem $\geq 20\%$ af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýta Ísland til varps eða eiga hér viðkomu á fartíma.

Framkvæmdasvæði valkosta ekki skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir á Íslandi. Þá liggja línurnar ekki um Ramsarsvæði.

Helstu áhrif framkvæmdanna á fugla eru skerðing búsvæða vegna jarðstrengs, vegslóða og mastursstæða, auk hættu á áflugi fugla á línur. Þar sem línurnar liggja meðfram iðnaðar- og íþróttasvæðum eru áhrif framkvæmdanna talin óveruleg, þó fuglar geti orðið fyrir ónæði á varp- og



ungatíma. Áflug á Ísallínur 1 og 2 á sér líklega þegar stað, en með niðurrifi þeirra dregur úr slíkum áhrifum. Á móti verða áhrif á nýju svæði Ísallína 3 og 4, bæði hvað varðar áflug og röskun búsvæða.

Niðurstaða umhverfismatsins er að búsvæðatap vegna framkvæmdanna er metið lítið til miðlungs fyrir alla valkosti. Áhrif vegna áflugs á stálröramöstur (valkostur A) og einpóla möstur og jarðsstrengs (valkostur C) eru metin lítil til miðlungs, en áhrif vegna áflugs á einpóla möstur (valkostir B og D) eru metin miðlungs. Náttúrufræðistofnun tekur undir þá niðurstöðu.

Náttúrufræðistofnun telur að mótvægisáðgerðir sem lagðar eru fram í umhverfismatsskýrslu séu vel rökstuddar, það á einkum við um nauðsyn jarðvíra til að verja tengivirki og búnað gegn eldingum. Stofnunin tekur undir að það þurfi ekki að vera forgangsverkefni að merkja Ísallínur því þær fara um svæði sem hefur ekki mikinn þéttleika fugla, en að mikilvægt sé að fylgst verði með árangri tilrauna með merkingar á leiðurum. Jafnframt er mikilvægt að halda raski í lágmarki og fylgja verklagi sem tryggir að truflun á búsvæðum fugla verði sem minnst.

Landslag og ásynd

Áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd eru metin nokkuð neikvæð, einkum vegna sýnileika í þéttbýli Hafnarfjarðar. Niðurrif eldri lína vegur að hluta á móti þessum áhrifum. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að mótvægisáðgerðir verði útfærðar í samstarfi við sveitarfélagið til að draga úr sjónrænum áhrifum við Hamranes og næsta nágrenni.

Lokaorð

Náttúrufræðistofnun telur umhverfismatsskýrsluna vandaða og gögn fullnægjandi. Framkvæmdin mun þó hafa nokkuð neikvæð áhrif á vistgerðir og fuglalíf, sem mikilvægt er að draga úr með mótvægisáðgerðum og virku eftirliti. Stofnunin leggur áherslu á að vöktun verði framkvæmd á áflugi fugla og að nauðsynlegar áðgerðir verði gripnar til ef reynslan sýnir þörf á því.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um einstök efnisatriði er varða framkvæmdina og umhverfisáhrif hennar ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur